



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Reykjavík, 18. janúar 2016

Stjórnvaldssekt vegna brots X ehf. gegn 2. mgr. 1. gr. laga nr. 32/2005 um miðlun váttrygginga

Hinn 17. desember 2015 tók stjórn Fjármálaeftirlitsins þá ákvörðun að leggja stjórnvaldssekt að fjárhæð 2.500.000 krónur á X ehf. vegna brots gegn 2. mgr. 1. gr. laga nr. 32/2005 um miðlun váttrygginga með því að hafa miðlað váttryggingum á tímabilinu 26. febrúar 2013 og fram til loka mars 2015 án þess að hafa tilskilið starfsleyfi.

Málsatvik

Í febrúar 2013 komst Fjármálaeftirlitið að þeirri niðurstöðu að starfsemi X ehf. félli undir miðlun váttrygginga í skilningi 1. mgr. 1. gr. laga nr. 32/2005 um miðlun váttrygginga. Þar sem X ehf. hafði ekki tilskilið starfsleyfi krafðist Fjármálaeftirlitið þess að X ehf. léti af hinni leyfisskyldu starfsemi án tafar og í kjölfarð lýsti X ehf. því yfir að félagið væri hætt allri starfsemi.

Í lok árs 2014 og í byrjun árs 2015 bárust Fjármálaeftirlitinu ábendingar um að X ehf. væri að stunda miðlun váttrygginga. Fjármálaeftirlitið óskaði eftir skýringum X ehf. á starfsemi félagsins sem lýsti henni þannig að hún væri fólgin í að meta váttryggingaþörf fyrirtækja af öllum stærðum og gerðum og benda á ýmis konar lausnir sem væru í boði. Þá kom fram að félagið útbyggi útboðsgögn og sæi um framkvæmd á útboðum á tryggingum fyrirtækja. Í sumum tilvikum væri um verðkönnun að ræða en í öðrum tilvikum lokað útboð í samræmi við lög um framkvæmd útboða. Þá færi X ehf. yfir skírteini eftir útboð og sæi um að þau væri í samræmi við útboðið eða tilboð viðkomandi tryggingafélags. Ennfremur tæki X ehf. að sér að aðstoða fyrirtæki við árlega endurnýjun á váttryggingum.

Fjármálaeftirlitið taldi starfsemina, líkt og áður, fela í sér miðlun váttrygginga í skilningi 1. mgr. 1. gr. laga nr. 32/2005 og ítrekaði áður gerða kröfu um að X ehf. léti af miðlun váttrygginga án tafar og upplýsti að til skoðunar væri hvort beita ætti X ehf. viðurlögum vegna meintra brota félagsins á 2. mgr. 1. gr. fyrrnefndra laga sem kveður á um að einungis þeim sem hafa tilskilið starfsleyfi er heimilt að miðla váttryggingum. X ehf. óskaði þá eftir því að ljúka málinu með sátt en hafnaði síðar sáttarboði Fjármálaeftirlitsins sem kvað m.a. á um að X ehf. skyldi greiða sekt að fjárhæð 1.250.000 krónur. Í kjölfarið óskaði X ehf. eftir því að ljúka málinu með sátt en til greiðslu lægri sektarfjárhæðar en sáttarboð Fjármálaeftirlitsins kvað á um. Fjármálaeftirlitið hafnaði beiðninni og var málið þá lagt fyrir stjórn Fjármálaeftirlitsins til ákvörðunar um það hvort leggja skyldi stjórnvaldssekt á félagið vegna brots gegn 2. mgr. 2. gr. laga nr. 32/2005.

Stjórn Fjármálaeftirlitsins taldi að starfsemi X ehf. á tímabilinu 26. febrúar 2013 og fram til loka mars 2015 hefði falið í sér miðlun váttrygginga. Félagið hefði þar með brotið gegn 2. mgr. 1. gr. laga nr. 32/2005 með því að miðla váttryggingum án tilskilins starfsleyfis og að brotið væri þess eðlis að leggja bæri stjórnvaldssekt á X ehf. vegna þess.



FJÁRMÁLAEFTIRLITID

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Lagagrundvöllur

Með miðlun váttrygginga er átt við starfsemi sem felst í að kynna, bjóða fram eða undirbúa með öðrum hætti samninga um váttryggingu, að koma á slíkum samningum eða að aðstoða við framkvæmd slíkra samninga, einnig þegar krafa um váttryggingabætur eru sett fram sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 32/2005 um miðlun váttrygginga. Samkvæmt 2. mgr. sömu greinar mega þeir einir stunda miðlun váttrygginga sem taldir eru upp í 1.-4. tölul. sömu greinar, þ.e. þeir sem hafa til þess starfsleyfi eða þeir sem starfa sem umboðsmenn á vegum váttryggingafélaga.

Gildissvið miðlunar er afar víðtækt, sérstaklega þegar horft er til orðalagsins að „undirbúa með öðrum hætti samninga um váttryggingu“ og „að aðstoða við framkvæmd slíkra samninga.“ Umfjöllun um gildissvið miðlunar í greinargerð með frumvarpi sem varð að lögum nr. 32/2005 styður við það að túlka beri ákvæðið rúmt. Þar kemur m.a. fram að eingöngu er nauðsynlegt að innt sé af hendi eitt af þeim atriðum sem talin eru upp í 1. mgr. 1. gr. laganna til að um leyfisskylda starfsemi sé að ræða. Jafnframt kemur þar fram að ráðgjöf án þess að jafnframt sé veitt aðstoð við að koma á váttryggingasamningi fellur undir gildissvið laganna. Þá segir þar ennfremur að tryggingaráðgjafar sem áður höfðu ekki fallið undir reglur um miðlun váttrygginga myndu framvegis falla undir gildissvið laga um miðlun váttrygginga enda eðlilegt að sömu eða sambærilegar reglur gildi um starfsemi þeirra aðila er hafa sambærilegan starfa. Starfsemi aðila sem hefur atvinnu af því að meta váttryggingapörf viðskiptamanna og ráðleggja þeim um váttryggingar sem eru í boði fellur undir gildissvið laganna auk þess sem það skiptir ekki máli hvort það er ráðgjafinn eða viðskiptavinur sem sér um samskipti við tryggingafélagið ef önnur ákvæði 1. mgr. 1. gr. eru uppfyllt. Með hliðsjón af framansögðu verður að telja að nánast öll aðstoð, þ.á.m. ráðgjöf sem veitt er og getur lokið með váttryggingarsamningi, teljist miðlun váttrygginga í skilningi 1. mgr. 1. gr. laga nr. 32/2005, að undanskildum þeim undantekningum sem gerðar eru í 4. og 5. gr. laganna.

Að miðla váttryggingum án tilskilins starfsleyfis getur varðað annars vegar stjórnvaldssektum, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 62. gr. laga nr. 32/2005, og hins vegar sektum og fangelsi allt að tveimur árum, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 62. gr. d. sömu laga., ef brot telst meiri háttar. Stjórnvaldssektir sem lagðar eru á lögaðila geta numið frá 50 þús. kr. til 50 millj. kr., sbr. 3. mgr. 62. gr. laga nr. 32/2005. Við ákvörðun sekta skal m.a. tekið tillit til alvarleika brots, hvað það hefur staðið lengi, samstarfsvilja hins brotlega aðila og hvort um ítrekað brot er að ræða.

Ákvörðun sektarfjárhæðar

Við ákvörðun sektarfjárhæðarinnar var m.a. litið til þess að það telst almennt alvarlegt brot að stunda leyfisskylda starfsemi án tilskilins starfsleyfis, að um ítrekað brot var að ræða og að brotavilji X ehf. var einbeittur en X ehf. hélt áfram miðlun váttrygginga þrátt fyrir að hafa lýst því yfir við Fjármálaeftirlitið að félagið væri hætt allri leyfisskyldri starfsemi. Ennfremur var litið til þess að starfsemi X ehf. var nokkuð umfangsmikil á því tímabili sem um ræðir. Þá var horft til þess að nafni og tilgangi félagsins hafði verið breytt.